

**478. fundur Hreppsnefndar Tálknafjarðarhrepps haldinn Miðtúni 1,  
Tálknafirði, mánudaginn 15. desember 2014  
og hófst hann kl. 17:00.**

**Fundinn sátu:**

Indriði Indriðason (II) formaður, Kristinn Hilmar Marinósson aðalmaður, Eva Dögg Jóhannesdóttir aðalmaður, Jón Örn Pálsson aðalmaður, Ása Jónsdóttir (ÁJ) Ritari og Berglind Eir Egilsdóttir varamaður.

**Fundargerð ritaði:** Ása Jónsdóttir, Ritari

Oddviti kannaði lögmæti fundarboðunar. Engar athugasemdir eru gerðar og skoðast því fundurinn lögmætur.

**Dagskrá:**

**1. 1412064 - Fundargerð 818. fundar Sambands Íslenskra sveitarfélaga frá 17. september 2014.**

Til kynningar.

**2. 1412066 - Fundargerð 819. fundar Sambands Íslenskra sveitarfélaga frá 3. október 2014.**

Til kynningar.

**3. 1412065 - Fundargerð 820. fundar Sambands Íslenskra sveitarfélag frá 10. október 2014.**

Til kynningar.

**4. 1412038 - Fundargerð heildbrigðisnefndar 28. nóvember 2014**

Til kynningar.

**5. 1412056 - Staða á FSN í Grundarfirði.**

Sveitarstjóri kynnti málið fyrir fundarmönnum

**6. 1412060 - Tillaga að gjaldskrá fyrir tjaldsvæði 2015.**

Tillaga að gjaldskrá fyrir tjaldsvæði 2015 er lögð fram.

Tillagan er samþykkt með fjórum atkvæðum.

**7. 1412059 - Tillaga að gjaldskrá fyrir Ípróttahús, sundlaug og tækjasal.**

Tillaga að gjaldskrá fyrir Ípróttahús er lögð fram.

Par er gert ráð fyrir að almennt gjald hækki, en á móti þá verða kort til einstaklinga mun hagkvæmari en áður.

Sú nýbreytni er að Þórsberg ehf. býður öllum börnum 6- 18 ára sem eru

með lögheimili í Tálknafirði frítt í sund og tækjasal á árinu 2015.  
Sveitarstjórn samþykkir framlagða gjaldskrá með fjórum atkvæðum.

**8. 1412039 - Samningur um veghald þjóðvega innan þéttbýlismarkna.**

Sveitarstjóra er falið að undirrita framlagðan samning.  
Samþykkt með fjórum atkvæðum.

**9. 1412028 - Umsókn um styrk**

Sveitarstjórn samþykkir að styrkja UMFT. að upphæð 250 þús.kr. Gert er ráð fyrir þessum styrk í fjárhagsáætlun 2015.  
Samþykkt með fjórum atkvæðum.

**10. 1412021 - Samstarfssamningur Seeds og Tálknafjarðar 2015.**

Sveitarstjóra falið að vinna málið áfram. Samþykkt með fjórum atkvæðum.

**11. 1411060 - Samræming á íþróttastarfi hjá ungmennum í Vesturbyggð og Tálknafirði**

Sveitarstjórn samþykkir að taka þátt í verkefninu. Gert var ráð fyrir kostnaði í fjárhagsáætlun 2015.  
Samþykkt með fjórum atkvæðum.

**12. 1412070 - Viðaukar við fjárhagsáætlun 2014.**

Sveitarstjórn samþykkir viðauka við fjárhagsáætlun nr.4.1 í framlögðum gögnum að upphæð 1.000. þús.kr.

Sveitarstjórn samþykkir viðauka við fjárhagsáætlun nr.4.2 í framlögðum gögnum að upphæð 8.500. þús.kr.

Sveitarstjórn samþykkir viðauka við fjárhagsáætlun nr.4.3 í framlögðum gögnum að upphæð 8.500. þús.kr.

Sveitarstjórn samþykkir viðauka við fjárhagsáætlun nr.4.4 í framlögðum gögnum. Einungis er um millifærslu að ræða og því er áhrif á samstæðu engin.

Sveitarstjóri leggur fram skjal þar sem áhrif á viðaukum eru sýnd á samstæðureikning sveitarfélagsins og jafnframt var gert ráð fyrir umræddum viðaukum við gerð fjárhagsáætlunar 2015.

Sveitarstjórn samþykkir framlagða viðauka við fjárhagsáætlun 2014.  
Samþykkt með fjórum atkvæðum.

**13. 1412067 - Fjárhagsáætlun 2015., síðari umræða**

Fjárhagsáætlun 2015 tekin til síðari umræðu.

Jón Örn Pálsson tekur sæti á fundinum.

Í A-hluta voru helstu niðurstöður sem hér segir, upphæðir í þús. kr.:

Heildartekjur	275.594
Afkoma fyrir fjármagnsliði	26.879
Afskriftir	8.706
Afkoma ársins	28.055
Fastafjármunur	338.000
Veltufjármunir	95.316
Skuldir og skuldbindingar	143.445
Eigið fé	289.870
Skammtímaskuldir alls	46.566
Veltufé frá rekstri (til rekstrar)	35.030
Handbært fé frá rekstri	25.030
Fjárfestingar	22.200
Greiðslur langtímakrafna	4.659
Ný langtímalán	60.000
Afborganir Langtímalána	16.193
Handbært fé (fjárpörf ) í árslok	7.329
Eiginfjárlutfall	67%
Skuldahlutfall	52%
EBITDA hlutfall	9,45%
Framlegðarlutfall	12,91%
Veltufjárlutfall	2,05

Í samstæðu A og B hluta voru helstu niðurstöður þessar:

Heildartekjur	304.150
Afkoma fyrir fjármagnsliði	42.459
Afskriftir	12.872
Afkoma ársins	32.283
Handbært fé	7.328
Eigið fé og skuldir	416.340
Skuldir og skuldbindingar	178.543
Eigið fé	237.797
Veltufjármunir	37.511
Skammtímaskuldir alls	37.162
Veltufé frá rekstri (til rekstrar)	47.466
Handbært fé frá rekstri	37.466
Fjárfestingar	32.200
Greiðslur langtímakrafna	276
Ný langtímalán	60.000
Afborganir Langtímalána	19.684
Eiginfjárlutfall	53%
Skuldahlutfall	58,7%
EBITDA hlutfall	13,4%
Framlegðarlutfall	18,2%
Veltufjárlutfall	1,01

Fjárhagsáætlun 2015 er samþykkt samhljóða.

**14. 1412068 - Þriggja ára fjárhagsáætlun Tálknafjarðarhrepps 2016-2018.**

Fjárhagsáætlun fyrir árin 2016-2018 er lögð fram og er hún samþykkt samhljóða.

**15. 1411048 - Álagningarprósentur, afslættir og gjaldsrkár 2015.**

Fasteignaskattur verður sem hér segir:

A - 0,50 % af fasteingamati; íbúðir og íbúðarhús ásamt lóðarréttindum, erfðafestulönd í dreifbýli og jarðeignir, útihús og mannvirki á bújörðum sem tengd eru landbúnaði, öll hlunnindi og sumarbústaðir ásamt lóðarréttindum.

B - 1,32% af fasteingnamati; Sjúkrastofnanir samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu, skólar, heimavistir, leikskólar, íþróttahús og bókasöfn.

C - 1,65% af fasteingnamati; Allar aðrar fasteignir, svo sem iðnaðar-, skrifstofu- og verslunarhúsnæði, fiskeldismannvirki, veiðihús og mannvirki sem nýtt eru fyrir ferðaþjónustu. allra annarra fasteigna með tilh. lóðum, þó að undanskildum.

3. Lóðarleiga; 2,5% af fasteingnamati íbúðarhúsa, eða þeirra eigna sem falla undir fasteingir samkvæmt A- lið hér að ofan en 3% af lóðum sem falla undir C lið.

4. Vatnsgjald; 0,35% af fasteingnamati eigna sem tengst geta vatnsveitum sveitarfélagsins og eru í A- flokki. Vatnsgjald eigna sem falla undir C. lið er 0,6%

5. Tengigjöld í Vatnsveitu Tálknafjarðarhrepps er samkvæmt sérstakri gjaldskrá.

6. Fráveitugjald; 0,40% af fasteingnamati húss og tilh. lóðar.

7. Sorphirðu- og sorpeyðingargjöld skv. sérstakri gjaldskrá.

Gjalddagar liða nr. 2, 3, 4, 7 og 9 eru 1/2, 1/3, 1/4, 1/5, 1/6, 1/7 og 1/8. \$line 14. Þar sem fasteignagjöld verða samtals kr. 25.000 eða lægri skal þó

aðeins vera einn gjalddagi þann. 1. febrúar 2015. Eindagi er síðasti virki dagur í sama mánuði og gjalddagi.

Fasteignaeigendum 67 ára og eldri og öryrkjum 75% og meira, sem búa í eigin íbúðarhúsnæði, skal veittur afsláttur af fasteignaskatti og holræsagjaldi af viðkomandi íbúðarhúsnæði skv. reglum samþ. af sveitarstjórn.

8. Hunda- og kattaleyfisgjald er samkvæmt sérstakri gjaldskrá.

9. Byggingarleyfisgjöld, afgreiðslu-, úttekta og mælingagjöld skipulags- og bygginganefndar og

skipulags- og byggingafulltrúa leggjast á skv. sérstakri gjaldskrá.

Að öðru leyti gilda lög um tekjustofna sveitarfélaga og gjaldskrár um viðkomandi tekjuliði.

Samþykkt þessi um álagningarprósentur, afslætti og gjaldskrár skal birt á hefðbundnum auglýsingastað ákvarðana hreppsnefndar.

Samþykkt samhljóða.

**16. 1412069 - Reglubundin skoðun íþróttamiðstöð.**

Sveitarstjóra falið að kalla forstöðumann til fundar, þar sem farið verði yfir athugasemdir.

Samþykkt samhljóða.

**17. 1412042 - Stefnúmerkun sambands íslenskra sveitarfélaga 2014 - 2018**

Til kynningar.

**18. 1412063 - Umsögn Fjórðungssambands um frumvarp að breytingu á vegalögum.**

Til kynningar.

**19. 1412061 - Erindi frá Fjórðungssambandi Vestfirðinga til fjárlaganefndar Alþingis vegna frumvarps til fjárlaga 2015.**

Til kynningar.

**20. 1412058 - Vottorð úr fyrirtækjaskrá**

Til kynningar.

**21. 1412057 - Umsögn Sambands Íslenskra sveitarfélaga til umhverfis og samgöngunefndar Alþingis 4. desember 2014, um frumvarp til laga um breytingar á tekjustofnalögum, 366. mál.**

Til kynningar.

**22. 1412033 - Leiðbeiningar um uppbyggingu ljósleiðaraneta og ríkisaðstoðarreglur EES**

Til kynningar.

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 19.10.**

---

---

---

---

---

---

---

---

